



Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyrabaer.is



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílaviðgerðir

Gylfahlöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477
www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET

Árbæjarblaðið

3. tbl. 22. árg. 2024 mars

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi



Ásrún Embla Agnarsdóttir, Bryndís Kara Pétursdóttir, Brynhildur Þráinsdóttir, Isabella Embla Þorsteinsdóttir, Natalie Tara Viktorsdóttir, Viktoría Jónsdóttir og Elva Dögg Haukstein Oddsdóttir. **ÁB-mynd Katrín J. Björgvinsdóttir**

Sungu fyrir nammi á öskudaginn

- sjá bls. 10 og 11

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

EIGNIR ÓSKAST Á ÞÍNU SVÆÐI!

Er með mikið af kaupendum á skrá á sérbylum í Árbæ, Selási og Norðlingaholti. Mikil eftirspurn er af eignum í hverfinu þínu.

FÁÐU FRÍTT VERÐMAT
Hafðu samband!

**Hrafnhildur Björk
Baldursdóttir**

Löggiltur fasteignasali

862 1110

hrafnhildur@valholl.is



Tilbúinn fiskur og
fiskréttir beint í ofninn

Spönginni 13, 112 Reykjavík

Árbæjarblaðið

Útgefandi: Skrautás ehf. Netfang: abl@skrautas.is
Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.
Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is
Útlit og hönnun: Skrautás ehf.
Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson
- abl@skrautas.is
Prentun: Landsprent ehf.
Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.
Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

Forseta - offramboð

Það nálgast forsetakosningar á Íslandi. Guðni Th. Jóhannesson er á útleið og í sumarbyrjun munum við kjósa okkur nýjan forseta. Margir eru þeirra skoðunar að sagnfræðingurinn hafi staðið sig vel í embætti en aðrir eru ekki sama sinnis eins og gengur.

Það virðist vera í tísku á Íslandi í dag að bjóða sig fram til að gegna þessu æðsta embætti þjóðarinnar. Og ekki nóg með það. Það er líka í tísku að segja við fjölmiðlafólk að margir hafi komið að máli við viðkomandi og heill skari af fólk liggur undir feldi í dag og íhugar framboð.

Ótrúlegasta fólk er dregið fram í sviðsljósið eða það ryðst fram í fjölmiðlum og á mannámótum og tilkynnir framboð sitt.

Reglur varðandi forsetakosningar hér eru komnar á aldur og eru í raun alveg út í hött. Nægir hverjum þeim sem hefur hug á embættinu að afla sér undirskrifta 1500 stuðningsmanna og viðkomandi þarf að vera með hreint sakarvottorð. Hver getur ekki aflað sér 1500 undirskrifta? Þessi tala ætti frekar að vera 5000 eða jafnvel enn hærrí.

Þessar fátallegu reglur gera það að verkum að ótrúlegasta fólk, sem oftar en ekki er betur hlaðið af athyglissýki en gæðum, ryðst fram á sjónarsviðið og telur sig eiga tilkall til embættis forseta lýðveldisins. Oftar en ekki hlær almenningur að þessum uppátækjum fólksins þó mörgum bregði ekki lengur þegar ný og ný nöfn heyrast nær daglega.

Ef svo fer fram sem horfir verða um 50 Íslendingar í framboði til embættis forseta Íslands. Þökk sé úreltum reglum sem gera það að verkum að nánast hver sem er, sem náð hefur 35 ára aldri, getur boðið sig fram.

Ég get ekki beðið eftir framboðspáttunum á RÚV fyrir kosningar. Þar verður um framhaldsþætti að ræða sem standa muni yfir í um það bil viku vegna fjölda framboðenda en þó má ætla að Íslendingar muni ekki nenna að horfa á þessi ósköp. Nú hafa skoðanakannanir litið dagsins ljós. Fjölmargin framboðendur, ásamt mörgum þeim sem eru að íhuga framboð, eru þar með nánast ekkert fylgi. En engum dettur í hug að hætta við. Áfram skal haldið á meðan einhver möguleiki er á því að fanga dagsljósið og athyglina. Og einn framboðenda ætlar að bjóða sig fram í fjórða eða fimmta skipti eða guð má vita hvað. Hann er jafnan með um 2-3% fylgi í könnunum og fylgi og skilur ekki hvað þær tölur þýða.

Ég hef fengið fjölda áskorana um að gefa kost á mér og margir hafa hvatt mig til dáða. Hef legið dögum saman undir feldi en niðurstaðan er neikvæð.

Stefán Kristjánsson

abl@skrautas.is

Byggjum borgina við Sundin

- eftir Björn Gíslason borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Nú gera Reykjaneseldar vart við sig á nýjan leik eins og viðbúið var, en jarðvísindamenn telja að gera megi ráð fyrir að eldsumbrotin á Reykjanesi muni jafnvel verða varanleg næstu áratugin. Í ljósi þessa neyðast borgaryfirvöld til að horfa á skipulagsmálin í Reykjavík með öðrum hætti en áður og skipuleggja borgina út frá því sem jarðvísindin gefa til kynna. Þar er svo til eina leiðin að byggja borgina upp til framtíðar við Sundin.

Því til stuðnings verður ekki unnt að færa Reykjavíkflugvöll næstu áratugi vegna eldsumbrota á Reykjanesi. Þá skapa eldsumbrotin einnig mikinn þrýsting á hraðari uppbyggingu og aukni framboð lóða í Reykjavík, höfuðborg allra landsmanna.

Tækifærin eru víða

Meðal áskorana er endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar - enda umfangsmikil íbúðaruppbygging fyrirhuguð í kringum flugvöllinn. En segja má að núverandi aðalskipulag sé meingallað í ljósi þessara tíðinda, enda hverfist það um þá staðreynd að flugvöllurinn sé þar víkjandi. Með öðrum orðum kalla þessi fyrirséðu tíðindi á að byggt verði annars staðar í borginni en tækifærin eru víða austan Elliðaána; í



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Grafarvogi, Úlfarsárdal, Gufunesi, Geldinganesi, á Keldum, Keldnaholti og Kjalarnesi.

Þannig er nóg um byggingarland í höfuðborginni, þá sérstaklega við Sundin, Gufunesi, Geldinganesi og Kjalarnesi, en húsnæðismálin á höfuðborgarsvæðinu eru í algjörum lamasessi sem stendur. Stefna meirihlutans í húsnæðismálum, sérstaklega með hliðsjón af breyttum

veruleika, hefur beðið skiprot, enda er hún dýru verðu keypt og afleiðingin hækkan húsnæðisverðs, sem bitnar á íbúum höfuðborgarinnar og raunar landsmönnum öllum í formi verðbólgu.

Greiðar samgöngur í hávegum

Nýafstaðið Reykjavíkurborg Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, tók með afdráttarlausum hætti á þessum málum í þessum mánuði - en við í Sjálfstæðisflokki teljum nauðsynlegt að leggja áherslu á ný byggingarsvæði, sérstaklega með m.t.t. eldsumbrotanna. Nauðsynlegt er að horft verði samhliða til greiðra samgangna um borgina og þær hafðar í hávegum. Í þessu samhengi eru Sundagöng eða Sundabraut algjört forgangsmál - en þau eru ekki síður almannavarnarmál komi til þess að rýma þurfi borgina.

Við í Sjálfstæðisflokki munum áfram þrýsta á og kalla eftir því að aðalskipulag Reykjavíkurborgar verði tekið upp í ljósi þeirrar nýju stöðu sem uppi er - enda verðum við að horfa til norðausturs og byggja borgina upp við Sundin.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILAN Á UPPRUNA SINN 3200 FYRIR KRIST.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

GB
TJÓNAVIÐGERÐIR

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttíngi- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Við þjónustum allar gerðir bíla

- Tjónaskoðun**
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarfélaga.
- Rétting og málun**
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjábúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

BGS

Framúrskarandi fyrirtæki

2020-2021 Fyrirmyndaryfirtæki

SÍOVÁ

TM

VÍS

Vörður

Hafðu samband núna

Draghóls 6-8

567-0690

tjon@tjon.is

www.tjon.is

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri komna á
öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600




Þjálfun í vatni



Klúbburinn



60+
Grunnnámskeið



60+
Framhaldsnámskeið



60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

 HeilsuKlasinn



Ertu í söluhugleiðingum?

Óska eftir eignum í Árbænum

FÁÐU FRÍTT VERÐMAT

Hafðu samband!

Löggiltur fasteignasali

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir

hrafnhildur@valholl.is
862 1110

 VALHÖLL
FASTEIGNASALA



Spönginni 13, 112 Reykjavík



Fréttir

Árbæjarblaðið



Svona skilja hundaeigendur við staði þar sem hundar gera þarfir sínar. Fádæma ókurteisi við gangandi vegfarendur.

Leti og dónaskapur

- Margur hundaeigandinn ekki fær um að eiga gæludýr

Við höfum undanfarið fengið margar kvartanir vegna hundaeigenda sem nenna ekki að þrifa upp skíttinn sem hundar þeirra skilja eftir sig á göngustígum og nágrenni þeirra.

Nýverið sendi íbúi í Árbæ okkur línu og myndir: „Hér eru myndir af óþrifnadi sem ég tók í dag. Þessar dellur eru búnar að vera þarna frá því við töluðum saman í síðustu viku.

Það eru um það bil 10 skref á milli þessa óskapnaðar. Svo gékk maður fram á skítahrúgu á miðjum stígnum sem var að verða drulla. Þetta er ógæðslegt og algjörlega óþolandi. Vona að hægt sé að koma viti fyrir fólk með einhverri tilkynningu til allra hundaeigenda og sérstaklega til þeirra sem haga sér svona.”

Hundaeigendur eru fjölmargir í

hverfum borgarinnar og Árbæjarhverfi er þar engin undantekning.

Mikill meirihluti hundaeigenda hugsar vel um dýrin sín og þrífur upp eftir þau í göngutúrum. Það eru hins vegar svörtu sauðirnir sem koma óorði á hundaeigendur með ótrúlega lélegri framkomu og leti sem er algjörlega óþolandi. Takið ykkur saman í andlitinu.



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SUBARU



HONDA



ISUZU



OPEL



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is



Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

ALÚÐ

VIRÐING

TRAUST

REYNSLA



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRÐI | LANDSBYGGÐINNI



OPÍÐ HÚSÍ

BORGARHOLTSSKÓLA

MIÐVIKUDAGINN 10. APRÍL
FRÁ 16.30 TIL 18.00
ÖLL VELKOMIN



Hefjum grunnskóla- gönguna fyrir

- eftir Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Fyrir réttum tveimur árum flutti ég tillögu í borgarstjórn, fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna, um að auka sveigjanleika milli skólastiga við upphaf og lok grunnskólans. Nemendur hefðu þá val um að hefja grunnskólanám fyrir og/eda ljúka því fyrir. Þeir gætu þá hafið nám í grunnskólum borgarinnar við fimm ára aldur og hafi auk þess val um að ljúka grunnskólanámi ári fyrir. Tillögu minni var vísað frá. Fyrir þessu fyrirkomulagi hef ég fært veigamikil rök sem rétt er að rifja upp og ítreka, nú þegar við sjálfstæðismenn leggjum fram á ný, sambærilega tillögu í borgarstjórn.

Nýttum tímann betur

Síffellt fleiri rannsóknir benda til þess að fjöldi fimm ára barna geti vel hafið nám í fyrsta bekk grunnskóla. Þá upplýsa rannsóknir að námsefni skarist umtalsvert milli leikskóla og grunnskóla og milli grunnskóla og framhaldsskóla. Slík skörun sóar umtalsverðum tíma hjá fjölda nemenda.

Grunnskólunum er ætlað að búa nemendur sem best undir framtíðina, hvort sem það er til náms eða starfa. Mikilvægur þáttur þeirrar viðleitni felst í því að nemendur nýti tíma sinn sem best og hafi ætíð verðug verkefni að kljást við. Það er engan veginn sjálfsgefið að stöðugt lengri tími fyrir tiltekið námsefni bæti námsárangur. Í sumum tilfellum hefur of langur námstími og skortur á verðugum verkefnum haft þveröfug áhrif og kallað fram námsleiða og jafnvel



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

brottfall úr námi síðar á námsferlinum.

Einstaklingsmiðað nám

Með sveigjanlegum skilum milli skólastiga er stigið mikilvægt skref að einstaklingsmiðuðu námi, sem tekur mið af ólíkum nemendum með mismunandi áhugamál og leitast við að fullnægja sem best þörfum þeirra allra á sviði náms og þroska.

Fjölbreyttara nám og meira val um skólagöngu myndi að öllum líkindum glæða áhuga forráðamanna að skólastarfinu og stuðla að auknu samstarfi milli þeirra og skólanna. Breytingarnar fjölga jafnframt möguleikum skólanna til sjálfstæðis, sérstöðu og sveigjanleika, en slíkur fjölbreytileiki og samanburður innan hans er ein megin forsenda fyrir framförum kerfisins í heild.

Styttum leikskólabiðlistann

Með breytingum af þessum toga þyrftu grunnskólar borgarinnar að bæta við sig einum árgangi næstu níu árin. En á tíunda árinu yrðu árgangarnir aftur tíu talsins. Hins vegar myndu fimm ára börn fara úr leikskólunum í grunnskóla. Sú ráðstöfun myndi stytta biðlistann inn á leikskólana til muna, en nú bíða um þúsund reykvísk börn eftir því að komst á leikskóla.

Að vísu bætist sá árgangur við grunnskólann sem losnar úr leikskólunum. En hér skiptir það megin máli að flestir grunnskólamir hafa mun meira svigrúm til að sinna þessum eina árgangi, fremur en leikskólarnir. Í öllum grunnskólum eru t.d. starfandi frístundaheimili sem gætu nýst vel fimm ára börnum við endurskipulagningu skóladagsins. Þessi frístundaheimili sinna nemendum að loknum hefðbundnum skóladegi, en standa yfirleitt auð fyrir hádegi.

Hundrað ára fyrirmynd

Vert er að geta þess að í mörgum þeim löndum sem við einkum lítum til í skólastarfi hefja börn grunnskólanám við fimm ára aldur. Auk þess hef ég áður bent á að Skóli Ísaks Jónssonar hefur sinnt markvissri kennslu fimm ára barna frá stofnun, 1926, eða í tæpa öld. Það hefur hann gert með góðum árangri. Sá sjálfstæði skóli fer í öllu að grunn- og leikskólalögum og hefur lengi verið íslensku skólakerfi frábær fyrirmynd. Okkur er því ekkert að vanbúnaði að auka val í skólagöngunni, stuðla að einstaklingsmiðaðra námi og leysa leikskólavandann.



Frábær
gjöf fyrir
veiðimenn
og konur

Gröfum nöfn veiðimanna á boxin
Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með
hagsmunum húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirkt greiðslu- og innheimtukerfi?



HeilsuKlasinn



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

B I N G O

**KVÖLD
KÖRFUBOLTANS**

**Föstudaginn 22. mars
18:00-20:00**

FYLKISHÖLL

**FJÖLDI GLÆSILEGRA VINNINGA !
VEITINGASALA Á STAÐNUM
1X SPJALD 1.500.kr - 500.kr SPJALDIÐ EFTIR ÞAÐ**

KVENNA
Í FYLKISHÖLL

FYLKIR

KVÖLD
LAUGARDAGINN 6. APRÍL



VEISLUSTJÓRI ATLI ÞÓR



LEYNIGESTUR



ÞEMA



DJ ALEXANDER



JÓN SIG



Húsið opnar kl. 19.00 - Fordrykkur kl. 19:00-19:30

Borðhald hefst stundvíslega kl. 20:00

Smáréttahlaðborð frá Bogga og Andrésí

Hver verður heiðurskonan 2024?

Borðskreytingarkeppni - Verðlaun veitt fyrir flottasta borðið

Dætur, mæður, ömmur, systur, frænkur og vinkonur, tókum okkur saman, fylkjum liði og skemmtum okkur saman í frábærum félagsskap!

Miðaverð

12.900 kr.

Miðaverð í forsölu

11.500 kr.

Fyrir 26. mars

Miðaverð eftir kl. 23

4.000 kr.

Miðasala hefst 11. mars. Fyrirspurnir varðandi mat og borða- og miðapantanir á fylkirkvinnakvöld@gmail.com

Rauðsprettu með chilipestói, salatost, graskersfræjum og sítrónuberki

- frábær réttur sem vert er að prófa

Það er svo gaman að prófa allskonar fiskrétti og ég elska að prófa mismunandi fisk.

Hérna prófaði ég Rauðsprettu en hún er alveg einstaklega góð og ég notaði ofan á flakið vel kryddað pestó með graskersfræjum sem gerði pestóið með meira "kröns"

1 vænt Rauðsprettu flak (eða annar hvítur góður fiskur frá Hafinu).

3 msk. gott rautt pestó.
4 msk. laktósafír salat ostur frá Arna.

2 msk. graskersfræ.
1 hvítlauksrif.
1/3 rauður chili smátt skorinn.
Börkur af 1 sítrónu.
Salt og pipar.

Hitið ofninn á 190 gráður.



Rauðsprettan er með því besta sem hægt er að hugsa sér þegar fiskur er annars vegar.

Öllu nema fiskinum blandað saman í skál svo úr verður dásamdar pestó.

Setjið fiskinn í eldfast mót og dreifið svo dásamdar maukinu á fiskinn og setjið inn í ofn í um það bil

18 mínútur.

Dásamlegur fiskur sem er gott að bera fram með góðu salati, ferskri sítrónu og góðri ólífufólú.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast



- Gæðin skipta máli -

Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að **32.000 króna** mótframlag og glaðning ef þau spara hjá okkur.

Við erum betri saman



FERMINGAR

2024

ER FERMINGIN Í VÆNDUM?

PANTAÐU KRÆSINGAR SEM SLÁ Í GEGN
HJÁ ÖLLUM VEISLUGESTUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á
SÆLKERABÚÐIN.IS



LÁTTU OKKUR SJÁ UM AÐ TÖFRA FRAM DRAUMAVEISLUNA

LUX VEITINGAR



SÆLKERA
— BÚÐIN —



Systkinin Guðrún Svava Bogadóttir og Bjarki Þór Bogason, Sigurður Páll Sveinsson, bræðurnir Logi Hrafn og Hlynur Hugi Bragasonir og Aron Örn Grétarsson.

Öskudagurinn

Fjölmargir krakkar í Árbænum skemmtu sér konunglega á dögnum þegar öskudagurinn gekk í garð.

Mest var um börnin í Norðlingaholti og þar var ljósmyndari Árbæjar-

blaðsins, Katrín J. Björgvinsdóttir, mætt með myndavélina og fangaði

Ljósmyndir

Katrín J. Björgvinsdóttir

skemmtileg augnablik.

Krakkarnir gengu í hús, sungu falleg lög og fengu mikið af nammi fyrir vikið. Skemmtu allir sér vel eins og myndirnar bera með sér.



Nadía Sól Jónsdóttir og Kristný Rún Ingvarsdóttir.



Theodór Axel Hannesson, Viktoría Ósk Hannesdóttir og Sara Siv Aradóttir.



Faney Elva Magnúsdóttir, Anna Huld Ólafsdóttir, Sigríður Huld Ólafsdóttir og Hrafninn Rós Arnardóttir.



Vinirnir Egill Grétarsson og Elís Þór Kjartansson.



Brynjólfur Þór Þorsteinsson og Anton Arnarsson Wert.



Vinkonurnar Þórey Lilja Aradóttir og Karítas Ósk Davíðsdóttir.



Systkinin Elisabet Jóna og Kristján Þór Runólfsbörn og Anna Katrín Öttarsdóttir.



Rakel Rut Sigurðardóttir.



Snædis Hrafnhildur Hrefnudóttir, Íris Anna Arnarsdóttir Bergmann, Oddný Dís Jónsdóttir, Auður Lóa Bjarnþórsdóttir, Thelma Lind Brynjarsdóttir og Anna Sól Jónsdóttir.



Ronja Þrastardóttir, Klara Þrastardóttir og Aldís Ylja Fannarsdóttir.



Embla Röfn Hauksdóttir, Agla Kristjánsdóttir og Freyja Magnea Þórðardóttir.



Emilía Sjöfn Sveinsdóttir og Auður Eva Guðmundsdóttir.



Ástrós Amy Pétursdóttir.



Vinkonurnar Agla Ýrr Fannarsdóttir og Snædis María Jónsdóttir.



Systurnar Marta Kristín og Aldís Fjóla Birkisdætur



Ruth Sigurgeirsdóttir, Auður Eypórsdóttir og Embla Líf Hebudóttir.



Ronja Sif Matthíasdóttir og Hródný Katla Hrafnkelsdóttir.



Vinkonurnar Mardís Ósk Magnúsdóttir og Klara Egilsdóttir.

Stíflupjónusta Röramyndir Dælubíll



**VALUR
HELGASON**

stifla.is | 896 1100

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

sinnum

ÞARFTU AÐSTOÐ HEIMA?

Sinnum aðstoðar við:

- Lyfjagjöf
- Böðun
- Útréttingar
- Þrif
- og fleira

Sinnum heimaþjónusta - Laugavegur 178 - Sími: 770-2221 - sinnum@sinnum.is

Fréttir

Árbæjarblaðið



Gangbraut á Elliðabraut við Búðatorg. Þarna þarf að bæta merkingar og lýsingu.

Úrbætur á gangbrautum við Björnslund naðsynlegar

- segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hefur lagt til að gerðar verði úrbætur á gangbrautum yfir Elliðabraut og Bugðu, til móts við Björnslund. Í rökstuðningi með tillögunni er bent á

að Björnslundur sé fjölsóttur af íbúum Norðlingaholts, ekki síst börnun og unglíngum. Ein deild leikskólans Rauðhóls er starfrækt í lundinum auk þess sem hann er skilgreindur sem grenndarskógur Norðlingaskóla.

verði frá gangstéttum og hjólarein við vestanverða götuna og merktar og



Kjartan Magnússon er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Kjartan lagði tillöguna fram fyrir hönd fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur 14. febrúar síðastliðinn. Tillagan var tekin til afgreiðslu á fundi ráðsins 28. febrúar og vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

„Fjölmörg börn og unglíngar leggja leið sína daglega í Björnslund og þurfa þá að fara yfir Elliðabraut eða Bugðu. Á báðum þessum stöðum þarf að merkja gangbrautirnar mun betur en nú er gert og lýsa þær upp. Tillögunni hefur nú verið vísað til skoðunar í borgarkerfinu og ég vona að þar hljóti hún jákvæða afgreiðslu,“ segir Kjartan.

Fleiri tillögur til skoðunar

Tillagan er hin síðasta í röð nokkurra tillagna, sem Kjartan hefur flutt í þágu aukins öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda í Norðlingaholti, ekki síst barna og unglíngja á leið í eða úr skóla eða íþrótt- og tómsundastarfi. Hinar tillögurnar eru eftirfarandi:

- Úrbætur á gangbraut yfir Norðlingabraut, við eystri enda göngubrúar yfir Breiðholtsbraut. Auka öryggi með bættum merkingum og lýsingu á gangbrautinni.

- Úrbætur á gangbraut yfir Norðlingabraut til móts við þjónustuver slun OLÍS. Bæta merkingar og auka lýsingu.

- Úrbætur við íþróttahúsið Fylkissel. Afmarka skýra gönguleið að húsinu og lýsa hana upp og merkja eftir þörfum.

- Úrbætur við Elliðabraut. Gengið

upplýstar gangbrautir lagðar á tveimur stöðum: nálægt Þingtorgi fyrir gönguleið að Norðlingaskóla, Fylkisseli sem og að nýrri verslunarmiðstöð hverfisins á horni Norðlingabrautar og Árvaðs. Hins vegar nálægt Sandavaði fyrir gönguleið að leikskólanum Rauðhóli.

Úrbætur ganga of hægt

Kjartan segir að líklega verði ráðist í framkvæmdir við á árinu í samræmi við tillöguna um Elliðabraut. Hinar tillögurnar séu þó enn í skoðun og óvíst sé um framgang þeirra. „Það gengur afar hægt að ráðast í þessar úrbætur þótt íbúar í Norðlingaholti hafi kallað eftir þeim í mörg ár. Ekki er kostnaði um að kenna því úrbætur á gangbrautum eru yfirleitt ódýrar og fljótlegar. Það er löngu orðið tímabært að setja slíkar úrbætur í umferðaröryggismálum í eystri hverfum borgarinnar í forgang,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi að lokum.



Göngubrúverun við Bugðu. Þarna þarf að koma fyrir gangbraut með skýrum merkingum og lýsingu.



Gledilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskaernir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

Félagsstarf fullorðinna

Við erum á Facebook

← Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

🔍 Félagsmiðstöðin Hraunbæ
105
Félagsmiðstöð

🔍 Leita að Félagsmiðstöðin Hraunbæ...



Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

Sími 411-2730

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

Veldu öruggt start með TUDOR

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja



Traust og fagleg þjónusta • NÝTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komnum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Sverrir Einarsson
Útfarastjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfarastjóri
S: 793 4455



Jóhanna Fíriksdóttir
Umjón útlara



Guðmundur Ó. Jóhannes
Famkvamdarstjóri
Umjón útlara
S: 862 0537

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar sími 698-2844

Gamla myndin

Árbæjarblaðið



© Mats Wibe Lund

Skrúðganga 17. júní 1974

Við sjáum nærri fimmtíu ára gamla mynd af skrúðgöngu í Árbæjarhverfi 17. júní árið 1974 á þrjátíu ára afmæli lýðveldisins. Fáni Fylkis og Íslands eru á lofti og Hraunbæjarblokk í baksýn.

Mynd: Mats Wibe Lund / KGG

Menningar- og íþróttasvið

ÞÁSKAR

Þú finnur afgreiðslutímamann á reykjavik.is

Laugarnar í Reykjavík, Ylströndin, Borgarbókasafn, Skíðasvæðin, Borgarsögusafn, Fjölskyldugarðurinn, Listasafn Reykjavíkur.



 Reykjavík

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttamolar frá kirkjustarfinu

Helgihald í Árbæjarkirkju í Dymbilviku og páskum 2024

Sunnudaginn 17. mars Fermingarmessa kl. 11.00 og 13.00.

Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn Stefáns H. Kristinssonar organista. sr. Þór Hauksson og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjóna fyrir altari. Sunnudagaskólinn á sínum stað í safnaðarheimilinu kl. 11.00

Laugardaginn 23. mars Fermingarmessa kl. 13.00.

Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn Stefáns H. Kristinssonar organista. sr. Þór Hauksson og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjóna fyrir altari.

Sunnudaginn 24. mars Fermingarmessa kl. 1.00 og 13.00.

Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn Stefáns H. Kristinssonar organista. sr. Þór Hauksson og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og þjóna fyrir altari. Sunnudagaskólinn á sínum stað í safnaðarheimilinu kl. 11.00

Fimmtudaginn (Skírdag) 28. mars kl. 11.00



Skoðið nánar á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

Fermingarmessa kl. 11.00.

Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn Stefáns H. Kristinssonar organista. sr. Þór Hauksson og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjóna fyrir altari.

Föstudagurinn langi 29. mars kl. 11.00.

Guðsþjónusta. Lestur úr píslarsögunni, ihugun og tónlist. Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn Stefáns organista. Prestur Petrína Mjöll Jóhannesdóttir

Páskadagur 31 mars kl. 9.00 Hátíðarguðsþjónusta og morgunmat. Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn organista. Stefáns H. Kristinssonar. sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Morgunmat í safnaðarheimilinu á eftir.

Nánari upplýsingar um starfið og helgihaldið má sjá og finna á www.arbaejarkirkja.is



Er töluð danska í himnaríki?

- eftir sr. Þór Hauksson sóknarprest í Árbæjarsókn

Þessi misserin er mikið rætt á kaffistofum vinnustaða, saumaklúbbum, heitum pottum sundlauga og í opinberri umræðu að þeir einstaklingar sem hingað flytja og ætla sér að að setjast að til frambúðar eigi skilyrðislaust að læra íslensku. Vissulega er hægt að taka undir þá kröfu ef aðeins er horft til þess að viðkomandi einstaklingur kæmist betur af í samfélaginu að hafa einhvern skilning á tungu og hjartslætti þjóðfélagsins.

Ísland er örsamfélag með örtungumál í samanburði þjóða þannig að mörgum þykir ekki taka því að læra svona flókið tungumál sem íslenskan er og fáir tala. Kunningi minn einn sem flutti til landsins fyrir fáeinum árum og er búin að ná ágætum tökum á þessu örtungumáli okkar, sagði eitt sem vakti mig til umhugsunar aðspurður hvernig honum hafi gengið að læra íslenskuna. Hann sagði: „Íslenskan er eins og brattur þröngur stígi“ - og bætti síðan við: „Það er svo auðvelt að hrasa um orðin sem liggja vítt og breitt í stiganum og flækast fyrir fótum mínum og ég hrasa.“

Ár hvert 16. nóvember er haldið upp á „Dag Íslenskrar tungu“ á fæðingardegi okkar ástsæla þjóðskálds Jónasar Hallgrímssonar. Ég lét verða af því í fyrra á ferð minni í Kaupmannahöfn að sækja heim húsið þar sem Jónas bjó um miðbik 19. aldar. Ég get alveg sagt að stígin er býsna brattur og þröngur í húsinu, svona á pari við íslenskuna fyrir útlandinga. Eins og kunningi minn sagði að auðvelt er að hrasa í stiga íslenskrar tungu að ekki

sé talað um dönskuna fyrir okkur Íslendinga. Það hefur undirritaður fengið að reyna.

Nýverið tengt þessu rifjaðist upp fyrir mér þegar ég átti leið um Köben í fyrsta skipti á öldinni sem leið, okkar gömlu höfuðborg, „klyfjaður“ margra ára dönskunámi. Dönnum er ekki meira en svo vænt um tungu sína að þeir hafa ekki fyrir því að nýyrðasmíða ensk orð eins og Íslendinga er háttur. Við eigum þýðingu á enska heitinu Computer - Tölva - en Danirnir hafa ekki fyrir því að umbreyta því orði á danska tungu. Segja bara með danski áherslu Coomputer og eru býsna góðir með sig.

Fyrsta Danann sem varð á vegi mínum fyrir utan flugstöðina á Kastrup í jómfrúarferð minni á síðustu öld til Köben ávarpaði ég á dönsku. Honum varð lítið á mig. Af svipnum hans mátti lesa að ég hlyti að vera frá öðru sólkervi. Hann sagði við mig „Dú jú spík english?“ Ég ætla ekki að reyna...eða segi frekar að ég vilji ekki upplýsa þig lesandi góður hvað fór um huga minn. Mitt 6 ára dönskumám og bókin „Vejen til Jylland“ eftir danska rithöfundinn Leif Panduro varð sem „vegurinn til heljar“ að ekki sé talað um danska söngskaldið Kim Larsen sem ég lærði mikið af í danski tungu þá kannski aðallega „götumál.“



sr. Þór Hauksson.

Allt það sem ég sá fyrir mér að gerðist, raungerðist ekki þarna fyrir utan flugstöðina. Mér leið eins og barni sem hafði verið skilið eftir í Legolandí, og það ætti eftir að raða mér saman.

Aftur að Þjóðskáldinu Jónasi Hallgrímssyni. Á síðasta ári þar sem ég stend fyrir framan húsið sem hann bjó í, St. Pederstræde 140 í Kaupmannahöfn, þar sem hann hrasaði í bröttum stiganum og fótbrotaði á leið upp í herbergið sitt.

Sagan segir að daginn eftir var hann fluttur á sjúkrahús, þar sem hann lést að morgni 26. maí 1845 aðeins 37 ára gamall. Sagt hefur verið um skáldið að hann hafi verið búinn að fá sér aðeins í stóru tána. Kannski hafi hann verið að koma frá veitingastaðnum Skindbugsen staðsett í Lille Kongensgade 4 eða Hvidvinstuen þar við hliðin á eða einhverri annarri kránni sem Íslendingar í Köben vöndu komu sína á þessum árum og reyndar gera enn í dag.

Þá tala ég fyrir sjálfan mig.

Um síðir fékk ég leigubíl við flughöfnina. Snaggaralegur bílstjóri á miðjum aldri með Túrbán eða vefjarhött á höfði heilsaði mér með virtum, tekur töskuna og setur hana í skottið. Ég sest inn í bílinn og segi við bílstjóran á ensku hvert fór minni var heitið. Væntanlega ætlaði ég honum að hann væri ekki mælandi á danska tungu þá útlitslega séð. Það kallast víst fordómar í dag að atla einhverjum eitthvað en hann, hún er. Hann svaraði um hæl á dönsku. Eftir því sem leið á ferðina í Borgina við Sundið fór ég að hætta mér aftur út á brattan og þröngan stiga erlendir tungu í þessu tilfelli Dönsku. Bílstjórnin var hinn ánægðasti með mig og ég fann hvernig sjálfstraustið óx og ég varð fljótlega á pari við Himmelbjerget (147 metrar) þeirra Dana. Húmorinn verður seint tekinn af frændum okkar þarna við Sundið nema þegar kom að viðbrögðum þeirra við mælsku mína á danski tungu.

Á Strikinu í Köben á ég mitt uppáhalds bakarí. Þar á bæ beiti ég fyrir mig engils-axneskri tungu. Kemur það ekki til af góðu allt frá minni fyrstu ferð til Köben.

Ég sækji ekki gamla höfuðstaðinn Köben án þess að koma við í bakaríinu til að fá mér heimsins bestu Gerbollur. Fyrir mig að koma í bakarí er það eins og fyrir aðra ferðamenn að líta augum litlu hafmeyjuna á Löngulínu eða lífverði Drottningar og nú nýverið Konungs.

Kynni mín af bakaríinu hófust annan daginn minn í fyrstu ferð minni til Köben á síðustu öld. Ég fór inn og tók númer sem reyndist vera talan 70.

Það er reyndar efni í annan pistil af

hverju Danska talnakerfið er svo frábrugðið því sem gengur á hinum Norðurlöndunum Ég var með númer 70 og afgreiðslustúlkan kallar „halvfjerds!“ Ég ásamt öðrum viðskiptavininum leit í kringum mig og aftur er kallað „halvfjerds!! Enginn gaf sig fram. Það var ekki fyrr en viðskiptavinur með númer 71 hnípti í mig að ég væri með NÚMERÍD. Ég afsaka mig og sný mér að afgreiðslustúlkunni og segi stundarátt. „Hej...! Jeg ønske det meste at helvede bolle dej“ og brosti mínu breiðasta brosi. Sannfærður um að ég hafi beðið um „Heilheitis gerbollu deig.“ Afgreiðslustúlkan horfir á mig spurnar augum eins og hún hafi ekki almennilega heyrt hvað ég hafði sagt. Ég endurtek á minni skóládönsku hvað ég vilji fá. Það kemur fát á hana og hún fer eitthvað afsíðis og stuttu seinna kemur vörpulegur að ég held bakari og spyr hvassyrur hvað ég vilji. Ég segi honum það og umyrðalaust vísar hann mér á dyr.

Þarna sem ég stend úti á miðju Strikinu dag einn á síðustu öld; bollulaus, fyrir utan bakaríð og fleiri en einn og fleiri en tveir danskir viðskiptavinir bakarísins horfa á mig með augnaráði sem hefði hæglega getið drepit nauð. Væntanlega fyrir það eitt að ég dirfðist að nota mitt 6 ára dönskunám að panta Heilheitis gerbollu í dönsku bakarí en ekki einhverja vatnsdeigs eitthvað sem allir vilja.

Þegar heim var komið sagði ég frá þessari ótrúlegu uppkomu í bakaríinu og var upplýstur af þeim sem væntanlega fylgduð betur með í dönskutímum en ég í „den“ að ég hafi hugsanlega sagt við blásaklausa afgreiðslustúlku í bakarí og vörpulegan bakara; svo ég segi það á penan hátt- „að ég óskaði mér helst að lúlla hjá þeim.“ Alveg því ótengdu en samt, þá er allaf verið að segja að Danir væru svo „Ligeglad.“

Ég get alveg sagt að ég hef ekki haldið mínu Striki í „dönsku“ í Kaupmannahöfn allt til þessa dags.

Eitt að lokum: Spyr fyrir vin. Getur verið að danska sé töluð í himnaríki?

BÍLSKÚRS DAGAR



20% AF

Lavor Predator 180
Digital háprýstidæla
Mótor 2500W
Prýstingur: 180 bör
Vansflæði: 510 l/ks

38.796
Áður 48.495 kr.



20% AF

Bílskúrsryksuga
blaut/ryksuga
Lavor JOKER 1400 S
Orka: 1400W
Stærð tanks: 20l
Hámarks loftflæði: 40 l/sek.

14.396
Áður 17.995 kr.



20% AF

Bílskúrsryksuga
blaut/ryksuga
Black&Decker

13.332
Áður 16.665 kr.

Mótor: 1200W
Sogkraftur: 17 kPa
Stærð tanks: 15L



20% AF

Lavor HPC Fast 120 háprýstidæla
Mótor: 1700W
Prýstingur Max: 120 bör
Vatnsflæði Max: 330l/ks

13.572
Áður 16.965 kr.



Hillurekki
76 x 30,5 x 152cm

8.734
Áður 11.645 kr.



25% AF



25% AF

Rafhlöðuborvél
PSCS 11-20V
Getur notað allt að
13mm breiða bora - 35Nm

11.456
Áður kr. 14.320



20% AF



20% AF

Rafhlöðu slípirokkur PAGS 20-115
20V - 115mm skífa - 10.000 rpm

19.196
Áður kr. 23.995



20% AF

Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.099
Áður kr. 2.999

Rafhlöðu Bónvél PPOS
10-20V 245mm diskur

12.209
Áður 16.279

Strákústur m/stálfestingu
30cm breiður

1.119
Áður kr. 1.399

20% AF



Reidhjólápumpa
Áður 2.075

1.660



20% AF

Kapalkefli 4x16A 15
metra snúra

4.716
Áður 5.895 kr.

25% AF



Bílskúrsflísar
Antrasite
33,3x33,3cm

2.249 pr.m²
Áður 2.999



25% AF

Trappa með
vinnuborði - 5. Prep

9.401
Áður 12.535

30% AF



Einfaldur stigi
8 þrep

7.996
Áður 9.995



25% AF

20m Meister garðslanga
með tengjum

2.696
Áður kr. 3.595

Prýstibrúsi m/slongu 8L

4.857
Áður kr. 6.939



30% AF

Hankar og
festingar
í miklu
úrvali



Vatnsþétt LED útiljós /
bílskúrsljós
IP65 48W 120cm

5.276
Áður 6.595

20% AF

Vatnsþétt LED
útiljós / bílskúrsljós
IP65 24W 60cm

3.196
Áður 3.995

20% AF

Gólfmálning - 3 lítrar

5.996
Áður kr. 7.995



25% AF

Epoxy gólfلاك, EP-V
Milligrátt 1kg

4.499
Áður kr. 5.999

4 kg **11.249** - áður 14.999

25% AF



20% AF

Ruslapokar glærir 100 L - 25stk

1.436
Áður 1.795



20% AF

Volga vegghegt
blöndunartæki

5.588
Áður kr. 6.985